

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0769

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/471
komudagur 8.12.2005


Reykjavík 5. desember 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, með síðari breytingum, 17. mál.

Sjómannasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að opnuð verði smuga fyrir ákveðna útvalda aðila til að stunda fiskveiðar frjáls, án tillits til þeirrar meginreglu að fiskveiðum sé stjórnað. Sjómannasamband Íslands leggst alfarið gegn þessari hugmynd og telur að óskynsamleg sé að mismuna mönnum með þessum hætti auk þess sem slíkt kallar beinlínis á misnotkun. Reynsla undanfarinna ára ætti að hafa kennt Alþingismönnum að afar erfitt getur verið að vinda ofan af slíkum smugum og götum í kerfinu þegar allt er komið í óefni. Sjómenn innan Sjómannasambands Íslands munu alla vega ekki sætta sig við það að aflaheimildir verði enn einu sinni teknar frá þeim til að stoppa í götin þegar í óefni er komið. Sjómannasamband Íslands leggst því alfarið gegn frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson